

Grasið Gríðus

Skrifað af Strandagaldur
Miðvikudagur, 09. Nóvember 2005 14:47

Grasið Gríðus er með ljósbláum legg og dökkbláu höfði. Það á að taka á Jónsmessunótt gömlu og vökva í helguðu messuvíni.

Síðan á að láta það í dauðs manns leiði og láta það liggja þar þrjár nætur, þá skal láta það liggja hjá 63. Davíðssálmur aðrar þrjár nætur og geyma síðan í hveiti og hvítum dúk.

Ef maður vill ráða draumum sínum á að leggja það undir hægri arm sinn.